

# Frumvarp til laga

um

## hagfræðisskýrslur um tóbaksinnflutning árið 1913.

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

---

### 1. gr.

Allir þeir, hvort heldur kaupmenn, pöntunarfjelög, kaupfjelög, gestgjafar eða einstakir menn, er flytja tóbak í einhverri mynd inn í landið árið 1913, eða láta flytja það inn fyrir sig, skulu skyldir til að gefa landsstjórninni skýrslu um þennan innflutning á þann hátt og eftir þeirri fyrirmynd, er landsstjórnin til tekur.

### 2. gr.

Landsstjórnin sjer um, að prentuð sjeu, á kostnað landssjóðs, eyðublöð þau, er hverjum innflytjanda ber að útfylla. Skulu þeim eyðublöðum fylgja hæfilegar skýringar um hvert það atriði, er skýrsla er heimtuð um, og skulu þau vera komin til allra lögreglustjóra landsins fyrir árslok 1912. Lögreglustjóri annast um, að allir þeir, er toll greiða af tóbaksinnflutningi árið 1913, fái skýrsluform þessi, og skulu þau öll aftur vera komin til lögreglustjóra áður tveir mánuðir eru liðnir af árinu 1914. Eftir það sendir hver lögreglustjóri skýrsluformin útfyllt aftur tafarlaust til stjórnarráðsins, og skulu þau öll þangað komin í síðasta lagi fyrir apríllok.

### 3. gr.

Í skýrsluformum þessum skal hver tóbaksvörutegund, er mismunandi er að vörunafni eða verðmæti, talin fyrir sig og skal skýrslan sýna þyngd hvernar vörutegundar, í hvaða verksmiðju hún er búin til, nettóinnkaupsverð hennar og útsöluverð, svo og, ef aðrir en einstakir menn eiga hlut að, sýna í krónutali upphæð þeirra tóbaksbirgða, er verslunin á við árslok 1912 og 1913, auk annars þess, er um kann að verða spurt í skýrsluformum þessum. Skýrslurnar skulu gefnar í trúnaði og skal engum embættismanni, nje öðrum er fer með skýrslurn-

ar, heimilt að gefa óviðkomandi mönnum upplýsingar eftir þeim um innflutning  
verslana nje einstakra manna. Hinsvegar skulu skýrslugefendur skyldir til þess  
að votta það með undirskrift sinni á hverja skýrslu, að viðlögðum drengskap,  
að skýrslan sje rjett gefin.

4. gr.

Gefi nokkur vísitandi rangar skýrslur um nokkurt af þeim atriðum, sem  
um er spurt í lögum þessum, eða neiti nokkur að staðfesta skýrslu sína að við-  
lögðum drengskap, varðar það sektum frá 10—200 krónum. Tregðist nokkur við  
að láta í tje skýrslur, er heimilt er samkvæmt lögum þessum að heimta, má  
þröngva honum til þess með dagsektum 1—5 kr. á dag. Sektirnar getur lög-  
reglustjóri ákveðið án dóms, í brjefi til viðtakanda, er birtist honum eftir þeim  
reglum, er gilda um birting dóma.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal að öðru leyti farið sem opinber lög-  
reglumál. Sektir allar renna í landssjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru birt í B-deild stjórnar-  
tíðindanna.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt óbreytt fyrir Alþingi, eins og það kom frá fjár-  
málanefndinni, af ástæðum þeim sem fram eru teknar við frumvarp til laga um  
einkarjett og einkaleyfi til kolasölu á Íslandi.

---